

## Fundargerð

Fundur réttarfarsnefndar 22. júní 2023.

### Frásögn af fundi:

Fimmtudaginn 22. júní 2023 kl. 15:00 var haldinn fundur í réttarfarsnefnd í húsakynnum dómismálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík. Fundinn sóttu Ása Ólafsdóttir (ÁÓ) formaður, Aðalsteinn E. Jónasson (AEJ), Eiríkur Elís Þorláksson (EEP), Gizur Bergsteinsson (GB) og Kolbrún Benediksdóttir (KB). Þá sátu fundinn Bryndís Helgadóttur (BH) skrifstofustjóri í dómismálaráðuneytinu og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP) lögfræðingur í dómismálaráðuneytinu sem jafnframt ritaði fundargerð.

ÁÓ setti fundinn.

Fært var til bókar að þann 5. maí 2023 hefði réttarfarsnefnd borist erindi frá dómismálaráðuneytinu þar sem óskað var umsagnar nefndarinnar um þau ákvæði frumvarps menningar- og viðskiptaráðherra um rafrænar skuldaviðurkenningar sem lúta að breytingu á réttarfarslögum. Umsögn nefndarinnar var afgreidd á milli funda og hún afhent ráðuneytinu 31. maí 2023. Þá lauk nefndin jafnframt á milli funda við umsögn sína um tillögur Lögmannafélags Íslands varðandi aðgang verjanda að gögnum samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. bréf dómismálaráðuneytisins 26. janúar 2023. Umsögnin var afhent ráðuneytinu 6. júní 2023.

Í upphafi fundar var rætt nokkuð um framangreint frumvarp um rafrænar skuldaviðurkenningar og helstu atriði þess. BH upplýsti að frumvarpið hefði ekki verið samþykkt af Alþingi á nýafstöðnu löggjafarþingi og hugsanlegt að frekari ráðlegginga réttarfarsnefndar varðandi það verði óskað síðar.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál sem réttarfarsnefnd hefur tekið til meðferðar að beiðni dómismálaráðuneytisins.

#### 1) Meðferð kærumála fyrir Hæstarétti Íslands.

ÁÓ upplýsti um að nefndinni hefði 19. júní 2023 borist erindi frá dómismálaráðuneytinu í tilefni af erindi Lögmannafélags Íslands til ráðuneytisins 26. maí 2023. Í erindi lögmannafélagsins er lýst því áliti að þörf sé á breytingu á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála í þá veru að ekki komi til þess að aðilar skili greinargerðum í kærumálum fyrir Hæstarétti fyrr en ljóst er hvort fallist verði á ósk um kæruleyfi. Að mati lögmannafélagsins fæli slíkt í sér hagræði fyrir alla aðila sem og minni kostnað. Ráðuneytið óskaði eftir afstöðu réttarfarsnefndar til þessarar tillögu ásamt umfjöllun um helstu kosti og galla sem hún kynni að hafa í för með sér. Á fundi réttarfarsnefndar var rætt nánar um efni tillagna lögmannafélagsins og var erindi ráðuneytisins komið í farveg.

#### 2) Málskostnaður við meðferð beiðna um áfrýjunarleyfi og við ómerkingu og heimvísun mála.

Farið var yfir upplýsingar sem borist hafa um fyrirkomulag þessara mála á hinum Norðurlöndunum og talið ljóst að fyllri upplýsinga sé þörf. Umræður fóru fram um kosti og galla þess að gera breytingar á þessum reglum. Ákveðið var að málefnið yrði unnið áfram milli funda og á næsta fundi nefndarinnar.

3) *Framkvæmd húsleita á lögmansstofum.*

Umræður fóru fram um skyldur íslenska ríkisins í þessum sambandi með hliðsjón af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu og mismunandi valkostir bornir saman – einkum með hliðsjón af fyrirkomulagi þessara mála í Finnlandi og í Noregi. Ákveðið var að málefnið yrði unnið áfram á milli funda og á næsta fundi nefndarinnar.

4) *Fyrirkomulag dómskýrslna á rannsóknarstigi samkvæmt 59. gr. laga nr. 88/2008.*

Fjallað var um fyrirkomulag þessara mála á Norðurlöndunum sem og rætt ítarlega um mismunandi tillögur að hugsanlegri útfærslu í íslenskri löggjöf. Ákveðið var að málefnið yrði unnið áfram á milli funda og á næsta fundi nefndarinnar.

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði kl. 15.30 hinn 19. september 2023 í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 17:00.

ÞHP.